
	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2020/EES/55/01		Beiðni Hæstaréttar Noregs frá 27. mars 2020 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli norska ríkisins gegn Anniken Jenny Lindberg (Mál E-3/20)	1
2020/EES/55/02		Mál höfðað 10. júlí 2020 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi (Mál E-9/20)	2
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/55/03		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9776 – Worldline/Ingenico)	3
2020/EES/55/04		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9864 – CPPIB/KKR/Axel Springer) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2020/EES/55/05		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9918 – Cummins/ETC/NPROXX) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2020/EES/55/06		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9920 – EQT/TA Associates/IFS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2020/EES/55/07		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9922 – GHO/MIC/Envision) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2020/EES/55/08		Upphaf málsmeðferðar (mál M.9660 – Google/Fitbit)	8
2020/EES/55/09		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8955 – Takeda/Shire)	9

2020/EES/55/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9418 – Temasek/RRJ Master Fund III/Gategroup)	9
2020/EES/55/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9812 – Verily Life Sciences/Santen Pharmaceutical/JV)	10
2020/EES/55/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9828 – Blackstone/NIBC Holding)	10
2020/EES/55/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9830 – Avacon Natur/NEW AG/Stadtenfalter JV)	11
2020/EES/55/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9831 – OMV/Borealis)	11
2020/EES/55/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9889 – ERGO/SDHS/Taishan Property & Casualty Insurance)	12

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Hæstaréttar Noregs frá 27. mars 2020 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins 2020/EES/55/01
í máli norska ríkisins gegn Anniken Jenny Lindberg
(Mál E-3/20)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf frá Hæstarétti Noregs dags. 27. mars 2020, sem var skráð í málaskrá dómstólsins 14. apríl 2020, með beiðni um ráðgefandi álit í máli norska ríkisins gegn Anniken Jenny Lindberg, að því er varðar eftirtaldar spurningar:

21. gr. tilskipunarinnar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi

1. Ber að skýra 1. mgr. 21. gr. tilskipunarinnar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi þannig að gístiaðildarríkinu sé heimilt, í hverju tilviki, að krefjast þess að umsækjandi leggi bæði fram viðeigandi „vitnisburð um formlega menntun og hæfi“, sem vísað er til í 2. dálki liðar 5.3.2 í V. viðauka við tilskipunina, og tilgreind „vottorð“ sem heimaaðildarríkið kann að hafa skráð í 4. dálki vegna viðkomandi starfsgreinar, eða ber að skýra hugtakið þar sem „við á“ þannig að átt sé við að gístiaðildarríkinu beri að leggja mat á hvort viðeigandi sé að krefjast tilgreindra vottorða í hverju einstöku tilviki?

Ef ber að skýra hugtakið þar sem „við á“ þannig að gístiaðildarríkið þurfi að leggja mat á hvort viðeigandi sé að krefjast tilgreindra vottorða í hverju einstöku tilviki:

2. Hvert er þá hið lagalega mat og hvaða þættir munu hafa þýðingu að lögum við mat á því hvort „við eigi“ að krefjast upptalinnna vottorða?
3. Hefur það einhverja þýðingu ef vitnisburður um formlega menntun og hæfi er eina skriflega sönnunargagnid um menntun og þjálfun sem talið er uppfylla lágmarksviðmiðin sem kveðið er á um í 2. mgr. 34. gr. tilskipunarinnar og vottorðið sem ekki er unnt að leggja fram varðar framhaldsmenntun?

Réttindi á grundvelli meginmáls EES-samningsins

1. Ber gístiaðildarríkinu skylda til að skoða umsókn um viðurkenningu á grundvelli 28. gr. og 31. gr. EES-samningsins ef umsækjandi, sem hefur hlotið menntun í aðildarríki í starfsgrein þar sem lágmarkskröfur um menntun hafa verið samræmdar, uppfyllir ekki skilyrði viðurkenningar skv. 21. gr. eða 10. gr. tilskipunarinnar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi?

Ef svo er:

2. Hvert er þá hið lagalega mat og hvaða þættir hafa þýðingu að lögum við mat á því hvort slíkur umsækjandi geti leitt viðbótarrétt af 28. gr. og 31. gr. EES-samningsins?
3. Hvaða þýðingu hefur það að umsækjandi hafi ekki vottorð um framhaldsmenntun sem heimaaðildarríkið hefur skráð í 4. dálki liðar 5.3.2 í V. viðauka við tilskipunina um faglega menntun og hæfi, ef gístiaðildarríkið gerir ekki kröfu um framhaldsmenntun ef umsækjendur hafa hlotið menntun sína í gístiaðildarríkinu og menntunin sem umsækjandinn hefur hlotið telst jafngild þeirri menntun sem boðið er upp á í gístiaðildarríkinu?
4. Er unnt að krefjast þess að umsækjanda séu veitt full réttindi í gístiaðildarríkinu ef vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem umsækjandinn getur lagt fram veitir umsækjandanum ekki sömu starfsréttindi í heimaaðildarríkinu?

Mál höfðað 10. júlí 2020 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi**2020/EES/55/02****(Mál E-9/20)**

Hinn 10. júlí 2020 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Konungsríkinu Noregi; í fyrirsvari eru Stewart Watson, Claire Simpson, Erlend M. Leonhardsen, Catherine Howdle og Carsten Zatschler, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussels.

Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess að EFTA-dómstóllinn:

- Lýsi yfir að Konungsríkið Noregur hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. 31. gr. og 28. gr. EES-samningsins, 1. mgr. 1. gr. lagagerðarinnar sem vísað er til í 2. lið V. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frjálsa för launafólks innan Sambandsins) og 2. gr. lagagerðarinnar sem vísað er til í 8. lið XXII. viðauka við EES-samninginn (Ellefta tilskipun ráðsins 89/666/EBE frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til), með því að fella ekki úr gildi ákvæði s.s. gr. 6-11(1) og 6-36(2) hlutafélagalaga, gr. 6-11(1) einkahlutafélagalaga og gr. 7-5 og 8-4(5) laga um fjármálafyrirtæki .**
- Gerir Konungsríkinu Noregi að greiða málskostnað.**

Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Kæra þessi varðar ýmsar kröfur í tengslum við (ríkisfang og/eða) búsetuskilyrði sem mælt er fyrir um í norskum félagarétti að því er viðvíkur einstaklingum sem gegna tilteknum stjórnunarhlutverkum í fyrirtækjum sem eru skráð og stofnuð samkvæmt lögum í Noregi. Með lagaákvæðunum sem um ræðir eru gerðar mismiklar kröfur um að hluti stofnenda, framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og fulltrúanefnda (forsjarmenn félagsins) sé búsettur í Noregi. Jafnframt er fastsett með sömu ákvæðum að viðkomandi búsetuskilyrði gildi ekki um ríkisborgara EES-ríkja, en aðeins að því gefnu að þeir séu búsettir í EES-ríki.
- Þessi ákvæði takmarka því svigrúm félaga, sem hafa verið stofnuð samkvæmt lögum í öðru EES-ríki til þess að hefja og sinna rekstri Noregi, til þess að hafa forsjarmenn sem annað hvort eru ekki ríkisborgarar EES-ríkis eða EES-ríkisborgarar sem ekki eru búsettir á EES-svæðinu. Þau takmarka einnig svigrúm ríkisborgara EES-ríkis sem ekki eru búsettir á EES-svæðinu til þess að gegna hlutverki forsjármanna í norskum fyrirtækjum.
- Eftirlitsstofnun EFTA („eftirlitsstofnunin“) heldur því fram að ákvæðin sem vísað er til leiði einkum til óréttmætra takmarkana á staðfesturétti félaga í Noregi sem hafa verið stofnuð samkvæmt lögum EES-ríkis og hafa aðsetur á EES-svæðinu og brjóti þar með í bága við 31. gr. EES-samningsins. Auk þess séu þessar kröfur ósamrýmanlegar tilskipun 89/666. Loks brjóti þau einnig í bága við 28. gr. EES og reglugerð 492/2011, með vísan til hagsmuna þeirra einstaklinga sem ákvæðin beinast að.
- Málið var tekið upp árið 2014 að frumkvæði eftirlitsstofnunarinnar. Á meðan á samskiptum hennar við norsk stjórnvöld stóð á árunum þar á milli, m.a. á grundvelli formlegra athugasemda, með bréfi dags. 4. nóvember 2015, og með rökstuddu álit frá 12. október 2016, útskýrðu norsk stjórnvöld að búsetuskilyrðunum væri ætlað að tryggja aðgang að stjórnendum félaga og einnig að gera innlendum stjórnvöldum kleift að hafa lögsögu yfir þessum félögum.
- Að mati norskra stjórnvalda væru þessar kröfur nauðsynlegar, tilhlýðilegar og viðeigandi í þessu skyni.
- Eftirlitsstofnunin er ekki sammála þessari afstöðu, ekki síst þegar litið er til fjölmargra dæma úr réttarframkvæmd EFTA-dómstólsins og Dómstóls Evrópusambandsins þar sem svipaðar kröfur hafa verið taldar í andstöðu við 31. gr. EES-samningsins og 49. gr. Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, í þeirri röð.
- Rétt er að geta þess að norsk stjórnvöld hafa lagt fram breytingartillögur sem miða að því að slaka á þessum kröfum. Opinberu umsagnarferli um lagasetninguna lauk 16. janúar 2020. Höfðu tillögurnar ekki verið samþykktar þegar kæra þessi var lögð fram.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/55/03

(mál M.9776 – Worldline/Ingenico)

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Worldline S.A. („Worldline“, Frakklandi),
- Ingenico Group S.A. („Ingenico“, Frakklandi).

Worldline nær að fullu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Ingenico í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Worldline: greiðslutengd þjónusta, svo sem greiðslukortþjónusta við kaupmenn fyrir verslanir og rafræna verslun, færsluhirðing (öflun og útgáfa) og lausnir fyrir samþykki rafrænnar verslunar, svo og að útvega greiðslustaði,
 - Ingenico: hönnun, þróun og bein sala á greiðslustöðvum og tengdum hugbúnaði, svo og greiðslutengd þjónusta eins og greiðslukortþjónusta og þjónusta fyrir samþykki rafrænnar verslunar.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 273, 18.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9776 – Worldline/Ingenico

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/55/04****(mál M.9864 – CPPIB/KKR/Axel Springer)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11.8.2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Canada Pension Plan Investment Board („CPPIB“, Kanada),
- KKR & Co. Inc. („KKR“, BNA),
- Axel Springer SE („Axel Springer“, Þýskalandi).

CPPIB og KKR ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir Axel Springer.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CCPIB: fjárfestingastýringarfyrirtæki sem fjárfestir fé sem kanadíski lífeyrissjóðurinn Canada Pension Plan Fund („CPP-sjóðurinn“) afhendir fyrirtækinu og þarf ekki á að halda til að greiða bætur til 20 milljóna iðgjaldagreiðenda og lífeyrisþega.
- KKR: fjárfestingarfyrirtæki sem býður upp á þjónustu við eignastýringu og lausnir fyrir fjármagnsmarkaði.
- Axel Springer: er fjölmiðlafyrirtæki sem starfar í fleiri en 40 löndum, starfrækir fjölmiðla undir mismunandi vörumerkjum (t.d. BILD- og WELT-samstæðan, Insider Inc., Politico.eu) og auglýsingagáttir á netinu (t.d. StepStone, SeLogger, Immowelt).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 273, 18.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9864 – CPPIB/KKR/Axel Springer

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/55/05****(mál M.9918 – Cummins/ETC/NPROXX)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Cummins Inc. („Cummins“, BNA),
- Enrichment Technology Company Ltd. („ETC“, Bretlandi),
- NPROXX B.V. („NPROXX“, Hollandi).

Cummins og ETC ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir NPROXX.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Cummins: er bandarískt framleiðslufyrirtæki sem starfar um heim allan og framleiðir dísilvélar og bensínvélar og orkukerfi,
- ETC: stundar hönnun, þróun og framleiðslu á gasskilvindum til að auðga úran fyrir framleiðslu á kjarnorku,
- NPROXX: stundar hönnun, þróun og sölu á þrýstihylkjum úr samsettum efnum fyrir geymslu og flutning á vetni eða fyrir þjappað jarðgas (CNG). Þrýstihylkin eru til margs konar nota, einkum á sviði bílaiðnaðar og flutningageirans.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 268, 14.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9918 – Cummins/ETC/NPROXX

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/55/06****(mál M.9920 – EQT/TA Associates/IFS)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- EQT Fund Management S.a.r.l., („EQT“, Lúxemborg),
- TA Associates, („TA Associates“, BNA),
- IGT Holding I Sweden AB og IGT Holding II AB (einu nafni „IFS“, Svíþjóð).

EQT og TA Associates ná í sameiningu fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir IFS í heild sinni.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- EQT: sjóður sem fjárfestir í óskráðum eignum,
- TA Associates: framtakssjóður sem fjárfestir innan valinna sviða atvinnugreina, þ.m.t. þjónusta við atvinnurekstur, neytendamarkaður, fjármálaþjónusta, heilbrigðisþjónusta og tækni.
- IFS: selur fyrirtækjahugbúnað til viðskiptavina sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu og um heim allan. IFS selur einkum hugbúnað fyrir verðmætaskipulag fyrirtækja, eignastýringu fyrirtækja og rekstur tækniástoðar við viðskiptamenn í fjölda atvinnugreina.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 270, 17.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9920 – EQT/TA Associates/IFS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/55/07****(mál M.9922 – GHO/MIC/Envision)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- GHO Capital Fund II LP („GHO“, Caymaneyjar),
- Mubadala Investment Company PJSC („Mubadala“, Sameinuðu arabísku furstadæmunum),
- Envision Pharma Group Limited („Envision“, Bretlandi).

GHO og Mubadala ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Envision.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- GHO: framtakssjóður sem leggur einkum áherslu yfirtökur og vaxtarfjármagn í heilbrigðisgeiranum í Evrópu,
- Mubadala: félag sem fjárfestir um heim allan og stýrir fjölbreyttu eignasafni í fjölda atvinnugreina,
- Envision: ráðgjafar- og hugbúnaðarfyrirtæki á sviði læknavísinda.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 273, 18.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9922 – GHO/MIC/Envision

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Upphaf málsmeðferðar
(mál M.9660 – Google/Fitbit)

2020/EES/55/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. ágúst 2020 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hinn tilkynnti samruni væri samrýmanlegur innri markaðinum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinum tilkynnta samruna og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hinn fyrirhugaða samruna.

Svo unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum við málsmeðferðina verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 268, 14.8.2020, bls. 3. Athugasemdirnar má senda með símbreffi (+ 32 22964301), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.9660 – Google/Fitbit, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.8955 – Takeda/Shire)

2020/EES/55/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. nóvember 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8955. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9418 – Temasek/RRJ Master Fund III/Gategroup)

2020/EES/55/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. ágúst 2019 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32019M9418. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9812 – Verily Life Sciences/Santen Pharmaceutical/JV)

2020/EES/55/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. ágúst 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9812. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9828 – Blackstone/NIBC Holding)

2020/EES/55/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. júlí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9828. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2020/EES/55/13****(mál M.9830 – Avacon Natur/NEW AG/Stadtenfalter JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. júlí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9830. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2020/EES/55/14****(mál M.9831 – OMV/Borealis)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. ágúst 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9831. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9889 – ERGO/SDHS/Taishan Property & Casualty Insurance)

2020/EES/55/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. júlí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9889. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.